

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1989

15. mars 1989

241

Nr. 104

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Frá og með 16. mars 1989 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæðum sem markast þannig:

1. Að vestan af 21°22' V og að austan af 17°20' V
2. Að vestan af 16°40' V og að austan af 16°00' V.

Að sunnan markast bæði svæðin af línu, sem dregin er fjórar sjómílur utan við viðmiðunarlínu sbr. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá og með 16. mars fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 76 1. mars 1989 um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir Suðurlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.